

Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi siðareglur - umsögn

Á fundi forsætisnefndar 11. október sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að mat verði fengið á því hjá ráðuneytinu hvernig það samræmist að segja í lögum að setja eigi siðareglur og að öllum kjörnum fulltrúum beri að fara eftir þeim þegar reyndin er sú að engin er skyldugur til að samþykkja siðareglur eða fylgja þeim. Hverjum og einum er það í sjálfsvald sett hvort hann yfir höfuð samþykki siðareglur og fylgi þeim. Engin viðurlög eru auk þess ef viðkomandi brýtur siðareglur. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst þetta mjög óljóst og að þarna stangast á lög og reynd. Mikilvægt er að hafa svona skýrt og lagt er því til að leitað verði leiðbeiningar og skýringa hjá ráðuneytinu.

Tillögunni var vísað til umsagnar hjá skrifstofu borgarstjórnar.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 kemur fram að sveitarstjórnir skulu setja sér siðareglur sem sendar skulu ráðuneytinu til staðfestingar. Ef siðareglur eru í gildi skal ný sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til endurskoðunar þeirra. Ef niðurstaðan er sú að siðareglur þarfnist ekki endurskoðunar halda þær gildi sínu. Tilkynna skal ráðuneytinu um þá niðurstöðu. Siðareglur sveitarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim. Ráðuneytið getur borið tillögur sveitarstjórna um siðareglur undir nefndina áður en það tekur þær til staðfestingar.

Í greinargerð með lögnum kemur fram að ákvæðið hafi verið sett vegna þess að á vettvangi sveitarfélaga fór fram allmikil umræða um siðareglur og þörf á þeim. Við undirbúning lagasetningar var því lagt til að sveitarstjórnnum yrði heimilað að setja siðareglur, kysu þær

svo. Siðareglur sem sveitarstjórn setur gilda fyrir fulltrúa í sveitarstjórn sem og nefndir og ráð sveitarstjórnar. Þá halda siðareglur gildi sínu þar til annað er ákveðið af viðkomandi sveitarstjórn, eða þeim sem síðar eru kjörnar. Lagt var til að Samband íslenskra sveitarfélaga skipi nefnd sem veitt geti almenn álit um siðareglur og skýringu þeirra og um einstök brot á siðareglum. Það er eðli siðareglna að þær eru ekki lagareglur. Það er því álitamál hvort slík nefnd eigi að fá það hlutverk að fjalla um hugsanleg brot einstakra manna á slíkum reglum. Á hinn bóginn getur það verið til mikillar leiðbeiningar um gildi siðareglna og það hvað er eðlilegt að þar sé fjallað um, ef slíkri nefnd er komið á fót. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að gert er ráð fyrir að siðareglur þurfi staðfestingu ráðuneytisins til að minnka líkur á því að siðareglur gangi gegn lögum, t.d. þannig að þær brjóti á lýðræðislegum rétti kjörinna fulltrúa í minnihluta, eða grundvallarréttindum, t.d. rétti manna til einkalífs.

Samkvæmt yfirliti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá því í febrúar 2019 hefur ráðuneytið hefur fengið til staðfestingar siðareglur frá 66 af 74 sveitarfélögum. Siðareglur Reykjavíkurborgar voru samþykktar á fundi borgarstjórnar 18. júní sl.í samræmi við 29. grein sveitarstjórnarlaga þar sem fram kemur að sveitarstjórn skuli setja sér siðareglur sem skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt. Á fundi forsætisnefndar þann 20. júlí 2018 var samþykkt að hefja endurskoðun gildandi siðareglna og unnið hefur verið að nýjum reglum á vinnufundum borgarstjórnar undir stjórn Sigurðar Kristinssonar prófessors. Vinnuhópur kjörinna fulltrúa vann svo tillögu að nýjum siðareglum. Hópin skipuðu Pawel Bartoszek, Örn Þórðarson, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Jórunn Pála Jónasdóttir og skilaði hann tillögu að nýjum siðareglum sem lagðar voru fram og samþykktar á fundi borgarstjórnar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið staðfesti svo nýjar siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg með áritun dags. 8. ágúst 2019.

Með vísan til ofangreinds er talið að ákvæði sveitarstjórnarlaga um siðareglur séu það skýr að ekki sé nauðsyn á að leita formlega til ráðuneytisins vegna túlkunar á ákvæðinu. Hverjum og einum borgarfulltrúa er þó að sjálfsögðu heimilt að leita bæði til ráðuneytisins og/eða Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málsins.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar